

# Safnastefna Byggðasafnsins á Garðskaga Söfnunar, sýninga- og fræðslustefna

## 1. Sagan

### 1.1 Saga safnsins

Byggðasafnið á Garðskaga var opnað almenningi 26. nóvember 1995, en aðdragandi þess var nokkuð langur. Ásgeir Hjálmarsson fyrrverandi skipstjóri hafði lengi safnað ýmsum gömlum munum og átti orðið dágott safn.

1992 Á 120 ára afmæli Gerðaskóla er afmælisnefnd stofnuð.

Ásgeir Hjálmarsson sýnir muni í skólanum og Byggðasafnsnefnd er stofnuð.

Ákveðið var að nýta gömlu útihúsin á Garðskaga undir safnið, að Skagabraut 100.

1995 Byggðasafnið opnað 26. nóvember.

2004 Um haustið var hafist handa við að byggja 700 m<sup>2</sup> viðbyggingu safnsins við gömlu útihúsin.

2005 Vígsla Byggðasafnsins á Garðskaga, sunnudaginn 3. júlí var safnið opnað almenningi aftur. Veitingarekstur hefst í viðbyggingunni.

2009 Vélbáturinn Hólmsteinn GK 20 gefinn safninu til varðvæslu á útisvæði við safnið.

2016-2021 Sveitarfélagið Garður gerir samstarfssamning við Garðskaga ehf sem tekur við rekstri byggðasafnsins ásamt öðrum rekstri að Skagabraut 100.

2018 Garður og Sandgerði sameinast í eitt sveitafélag, Suðurnesjabæ, þann 10.júní.

2021 Suðurnesjabær tekur við rekstri byggðasafnsins þann 20.ágúst.

### 1.2 Húskostur

1995 – Gömlu útihúsin, hlaða og fjós, á Garðskaga.

2005 – 700m<sup>2</sup> bygging. Á annari hæð hússins er nú sjálfstætt rekið veitingahús, snyrtingar og sameiginlegt rými á neðri hæð.

2009 – Sjóhúsið á Lambastöðum kom í hendur byggðasafnsins.

## 2. Safnið

### 2.1 Markmið og hlutverk

Byggðasafnið á Garðskaga er í eigu Suðurnesjabæjar og er hlutverk þess í sínu samfélagið að miðla, rannsaka, safna skrásetja, varðveita, og kynna menningarsögulegar minjar úr Suðurnesjabæ. Safnið varðveitir og tekur við munum sem hafa sögulegt gildi og geta varpað ljósi á líf og starf Suðurnesjamanna á hinum ýmsu tímum. Ennfremur er það hlutverk safnsins að kynna íslenskan menningararf á sem breiðustum grundvelli t.d. með fræðslu til skólanemenda og með því að að stofna til sérsýninga á eigin vegum eða í samráði við aðra.

### 2.2 Söfnunarsvæði

Söfnunarsvæði safnsins er Suðurnesjabær og nágrenni eins og það ákvarðast stjórnarfarslega og landfræðilega og skarast ekki við söfnunarsvæði annarra safna.



## 2.3 Aðferðir við söfnun

Safnið tekur á móti munum sem færðir eru safninu eða auglýsir eftir ákveðnum efnisflokkum eða gripum sem styðja við safnkostinn.

Lögð er áhersla á að skrá muni safnsins í gagnagrunn Sarps, sem safnið er aðili að. Í Sarpi gefst gefendum, almenningi og fræðimönnum kostur á að skoða safngripina og afla sér upplýsinga um þá.

Safnið tekur ekki við munum ef þeim fylgja sérstök skilyrði, kvaðir. Safnið tekur til athugunar undantekningu á þessari reglu ef um er að ræða mjög mikilvæga sögulega muni, skulu þá skilyrði gefanda vera skráð ýtarlega í gagnagrunn Sarps.

## 3. Söfnunarstefna

Móttaka muna stýrist af söfnunarstefnu safnsins.

Byggðasafnið á Garðskaga leggur megin áherslu á að safna úr eftirtöldum flokkum:

### 3.1 Vélar

Á safninu eru rúmlega 60 mótórvélar af ýmsum gerðum sem flestar eru gangfærar, en Guðni Ingimundarson frá Garðstöðum, gerði þær upp. Þar á meðal eru þrjár glóðarhausvélar sem eru fyrstu bátavélar sem komu til landsins, bensínvélar og gufuvél. Á safninu er fyrsta diesel lvélin sem kom til Íslands í vörubíl árið 1934, sem var í eigu föður Guðna, Ingimundar Guðjónssonar.

Stefna safnsins er að leggja sérstaka áherslu á sérstöðu þessa safnkosts, sem eru vélar. Safnað verður upplýsingum vélasýningunni til stuðning og haldnir viðburðir þar sem lögð verður áhersla á vélar og fræðslu þeim tengdum.

### 3.2 Sjóminjar

Í sjóminjadeildinni eru til sýnis tveir opnir fiskibátar.

Sexæringinn Fram sem er með Engeyjarlagi og var smíðaður árið 1887 og björgunarbátur sem Guðni Ingimundarson keypti og setti vél í.

Einnig varðveitir safnið í góðu varðveisluhúsnæði í Garðinum Þorstein GK 327 eða „Lambastaðabátinn“ smíðaður í Keflavík 1932 og alla tíð róið út frá Lambastaðavör, vestustu vörinni í Garðinum og opna fiskibátinn Hreggvið GK 434, sem smíðaður var í Moshúsum á Hvalsnesi árið 1913. Vélbáturinn Hólmsteinn GK20 er varðveittur á ytra svæði byggðasafnsins síðan í nóvember 2009. Safnað er munum frá útgerðum enda voru fiskveiðar miklar í Garði og Sandgerði og sjávarútvegur er ennþá mikilvæg undirstöðu atvinnugrein í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á atvinnusögu svæðisins sem tengist fiskveiðum og verkunum á landi.

### 3.3 Skipskaðar

Gera þarf sögu skipskaða á svæðinu ýtarleg skil í sjóminjahluta safnsins.

Skipsbrot á svæðinu voru tíð á árum áður. Björgunarsveitir Garðs og Sandgerðis hafa gegnt stóru hlutverki í björgunarsögu á svæðinu, Ægir í Garði og Sigurvon í Sandgerði.

Í Sandgerði var fyrsta björgunarsveit Íslands stofnuð. Stefna safnsins er að miðla þessari sögu og leiðbeina hollvinafélögum björgunarsveitanna um varðveislu muna í þeirra vörslu. Ásamt varðveislu gefur þetta samstarf tækifæri til fræðslu sem safnið gæti boðið uppá í formi fyrirlestra og sýninga.



### 3.4 Búskapur

Byggðasafnið á mikið safn muna sem tengjast landbúnaði.

Stefnt er að því að gera sögu svæðisins góð skil. Í stærri sal báta og véla verður saga landbúnaðar sögð, sýndar eru Farmall Cub og Ferguson dráttarvélar. Nokkur stærri hevvinnslutæki eru í góðu varðveisluhúsnæði í Garðinum.

### 3.5 Heimilislífið

Stefna safnsins er að safna og varðveita muni sem viðkoma heimilislífi í Garði og Sandgerði, Suðurnesjabæ. Heimilismunir sem segja sögu fyrri tíma, persónulegir munir einstaklinga þ.e. húsgögn, skrautmunir, eldhúsmunir, fatnaður, vefnaður, leikföng og annað sem tengist fólkinu á svæðinu eða styður við sýningar safnsins.

### 3.6 Verslun og viðskipti

Safnað er öllu því því er lýtur að verslun og viðskiptum á svæðinu.

Stefna safnsins er að skrá verslunarsögu svæðisins, varðveita og miðla þeirri sögu.

Þar má nefna sögu Básenda, verslana og fyrirtækja í Garði og Sandgerði ásamt öllum þeir fyrirtækjum sem þjónustuðu íbúa svæðisins þ.e. smáíðnaði og almennum störfum; trésmíðar, skósmíði og ljósmyndun.

Verzlun Þorláks Benediktssonar sem rekin var á árunum 1921-1972 í Akurhúsum í Garði er varðveitt á safninu og mun gegna hlutverki móttöku og sögumiðlunar.

### 3.7 Tómskundastörf

Safnið varðveitir og safnar munum sem tengjast tómskundastörfum; íþróttum, störfum öflugra kvenfélaga ásamt fleiri félagsstörfum íbúa Suðurnesjabæjar. Lögð verður sérstök áhersla næstu árin á að safna munum sem tengjast störfum kvenna í Garði og Sandgerði.

### 3.8 Skólar

Varðveittir eru munir úr Gerðaskóla. Safnið stefnir á að varðveita sögu skóla í Suðurnesjabæ, bæði í Garði og Sandgerði. Gerðaskóli er næstelsti barnaskóli á Íslandi. Verður hann 150 ára árið 2022.

### 3.9 Ljósmyndir

Safnað er ljósmyndum sem viðkoma íbúum og samfélagssögunni fyrr og síðar.

Byggðasafnið á Garðskaga vonast eftir að stækka safn ljósmynda sem tengist bæði Garði og Sandgerði.

### 3.10 Listir og menning

Stefna safnsins er vinna í öflugum samstarfi við menninga- og listastarfsemi í Suðurnesjabæ. Halda utan um og skrá málverk og listaverk í eigu Suðurnesjabæjar.

### 3.11 Fornleifar

Vert er að forráðamenn safnsins séu vakandi gagnvart fornminjum og leiti strax til sérfræðinga á sviði



fornleifa ef svo ber undir. Byggðasafnið vinnur samkvæmt leiðsögn Þjóðminjasafn Íslands á þessu sviði.

### 3.12 Móttaka gripa

Þegar tekið er við grip er hann skráður á sérstakt eyðublað og í aðfangaskrá þar sem hann fær númer úr hlaupandi númeraröð. Síðan er hann ljósmyndaður og ljósmyndin sett inn í Sarp.is og skráðar upplýsingar um gripinn eins ítarlega og hægt er. Að því loknu er búið um hann til geymslu eða hann settur á sýningu. Safnstjóri skal hafa í huga að hægt er að ráðfæra sig við forverði Þjóðminjasafns Íslands og ber að gera það undantekningarlaust ef svo ber undir. Ef safnið getur ekki varðveitt grip í þeim húsakynnum sem það hefur yfir að ráða, skal afþakka hann og benda á annað safn eða koma honum fyrir á öruggum stað, með sérstökum skriflegum samningi, þangað til safnið getur tekið hann í sína vörslu. Vert að taka fram að safnið tekur ekki við munum ef þeim fylgja sérstök skilyrði eða kvaðir, en tekur til athugunar undantekningu á þessari reglu ef um er að ræða mjög mikilvæga sögulega muni.

### 3.13 Grisjun og sögulegt gildi safngripa

Meginmarkmið safnsins er að varðveita safngripa sem eru best til þess fallnir að varðveita og segja sögu svæðisins.

Hverjum nýjum hlut sem safnið fær fylgir ábyrgð á skrásetningu, varðveislu, forvörslu og miðlun. Mjög erfitt er að grísa grip sem hefur verið skráður í safnið og er það ekki gert nema í einstaka tilvikum svo sem ef grísa þarf grip vegna skemmda eða fjölda eintaka af sömu gerð. Leita skal aðstoðar fagfólks Þjóðminjasafns Íslands við grisjun.

Ef gripur reynist falsaður eða ef safnstjóri telur hann betur kominn á öðru safni, hann samræmist ekki söfnunarstefnu safnsins eða telst ekki varðveislu hæfur skal ævinlega leita ráða fagfólks áður en ákvörðun er tekin. Alltaf ber að huga vel að gildi safngripa en þegar auðvelt er að rekja sögu grips hefur hann mun meira gildi söfnunarlega séð en annars.

### 3.14 Millisafnalán

Safnið getur lánað muni til sýninga eða rannsókna til annarra safna með samningum sem báðir aðilar samþykkja. Þar koma fram ákvæði um lánstíma og hvernig meðhöndla eigi munina.

## 4. Sýningar, opnunartími og fræðslustefna

### 4.1 Sýningar

Sýningar safnsins tengjast söfnunarstefnu þess. Núverandi sýningar eru unnar út frá sögu svæðisins og áherslum hverju sinni. Aðaláhersla safnsins nú eru, vélasafnið, lifnaðarhættir fólksins á svæðinu; störf þess á sjó og landi, heimilishald og atvinnulíf.

Sérstök áhersla er lögð á vélasafn Guðna Ingimundarsonar, sem er sérstaða þessa safns á landsvísu. Unnið er að því að merkingar safngripa og upplýsingar um gripi séu skýrar og safngestir upplifi fræðslu og ánægju. Mikilvægt er að allar upplýsingar séu gestum aðgengilegar á íslensku og ensku.

Stefnt er að því að hafa fastar sýningar ásamt breytilegum sýningum sem taka mið af árstíðum, hátíðsdögum og öðrum viðburðum Suðurnesjabæjar. Lifandi fræðsla verði fastur þáttur þar sem sérstakt verklag eða störf verða sýnd. Unnið er að frekari framtíðarsýn í varðveislu ljósmynda, að fyrirmynd annara safna, þar sem hægt væri að nálgast valdar myndir.



## 4.2 Opnun

Safnið er opið almenningi frá 1. maí fram í miðjan október og skal opnunartími safnsins vera kynntur sérstaklega á heimasíðu byggðasafnsins og öðrum upplýsingaveitum. Á öðrum tímum ársins er opið eftir samkomulagi fyrir skólahópa og aðra hópa og gesti. Opið er á viðburðum á vegum safnsins eða í samstarfi við aðra. Stefnt er að leiðsögn á fleiri tungumálum en á íslensku.

Frítt er fyrir íbúa Suðurnesjabæjar inn í byggðasafnið (það sama á við um bókasafnið og í sund).

## 4.3 Fræðsla

Sérstök áhersla verður lögð á aukna safnfræðslu fyrir skólanemendur á öllum aldri og unnið er að uppfærðu kennsluefni í þeim tilgangi. Reglulegar nemendaheimsóknir í byggðasafnið og starfsmenn geti einnig farið inn í grunnskólana í Suðurnesjabæ með fræðslu fyrir nemendur. Stefnt er sérstaklega að því að bjóða nemendum í vélaiðngreinum í framhaldsskólum að heimsækja safnið og þá sérstaklega vélasafnið.

Settar verða upp sýningar til fræðslu í skólabókasöfnum í Suðurnesjabæ.

Fræðsluviðburðir á dagskrá fyrir almenning tengdir safnastarfinu, safnkostinum og minjum í Suðurnesjabæ.

## 5. Endurskoðun safnastefnunnar

Safnastefnuna, söfnunar- sýninga og fræðslustefnu, skal endurskoða á minnst fjögurra ára fresti. Ef stjórn safnsins telur breytinga þörf skulu þær tilkynntar safnaráði og þjóðminjaverði. Safnastefnan var endurskoðuð 15. desember 2021. Þar sem byggðasafnið er nýlega komið í hendur Suðurnesjabæjar aftur væri vert að huga að endurskoðun á stefnunni aftur innan fjögurra ára.

## 6. Samþykktir

Safnastefnan er unnin af Margréti I. Ásgeirsdóttur forstöðumanni Byggðasafnsins á Garðskaga og Tönju Höllu Önnudóttur safnverði byggðasafnsins.

Stefnan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar 5. janúar 2022 og tekur þegar gildi.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar

